

Til Fjarðabyggðar.

Ósk um breytingu á ákvæði um tíðni á hreinsun rotþróa í Gjaldskrá Fráveitu Fjarðabyggðar

Vísað er í Gjaldskrá fyrir Fráveitu Fjarðabyggðar fyrir árið 2024. Gjaldskráin er um þessar mundir til endurskoðunar hjá nefndum og ráðum Fjarðabyggðar

en mér skilst að endurskoðunin snúist fyrst og fremst um upphæð gjaldtöku en að ekki sé verið að endurskoða aðra þætti í gjaldskránni.

Ég er eigandi Hóla í Norðfirði. Þar er fasteign með eigin fráveitu sem ekki er tengd holræsakerfi í eigu Fjarðabyggðar, heldur er fasteignin tengd við rúmgóða

og vel útbúna rotþró. Ég annaðist sjálfur alla umhirðu um rotþróna á árunum 2004 – 2021 án nokkurra vandræða. Undanfarin ár hefur Fjarðabyggð innheimt

hjá mér sérstakt rotþróargjald samkvæmt gjaldskrá Fráveitu Fjarðabyggðar. 3. grein Gjaldskrárinnar fyrir Fráveitu Fjarðabyggðar hljóðar svo:

3. gr. Gjaldskrá

Þjónustugjald samkvæmt 1. gr. skal vera árlegt gjald sem hér segir:

<i>Stærð rotþróar í lítrum – þjónustugjald</i>	<i>kr.</i>
< 3.500 lítrar	23.339
3.500 – 5.500 lítrar	35.008
5.500 – 8.000 lítrar	45.218
> 8.000 lítrar	45.218
Fyrir hvern viðbótarrúmmetra	7.292
Tímagjald hreinsibíls á klst.	18.715

Förgunargjald er samkvæmt verðskrá Sorpstöðvar Fjarðabyggðar.

Fjárhæð árgjalds miðast við að tæming og skoðun rotþróar eigi sér stað annað hvert ár. Komi fram beiðni um eða ef nauðsynlegt er að tæma rotþró sérstaklega, skal greiða sérstakt gjald sem er 70% álag á árlega greiðslu.

Fjárhæð árgjalds miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að nota lengri barka en 30 metra. Ef leggja þarf lengri barka þá bætast við 2.918 kr. að 50 metrum, en 9.153 kr. eftir það.

Ef fleiri en ein húseign nýtir rotþró og um er að ræða íbúðarhúsnæði eða sumarbústaði sérmetna í fasteignamati, skal aldrei innheimta hærra gjald skv. 1. mgr. en 21.878 kr. af hverri húseign.

Ég vil vekja sérstaka athygli á eftirfarandi setningu í þessum tilvitnaða texta úr gjaldskránni:

“Fjárhæð árgjalds miðast við að tæming og skoðun rotþróar eigi sér stað annað hvert ár.”

Ég hef langa reynslu (40 ára) af rekstri rotþróar við frístudahús og tæming annað hvert ár er langt fram yfir það sem þörf er á skv. minni reynslu.

Tæming rótþróa við frístundahús **sjötta hvert ár** tel ég algerlega fullnægjandi og tæming róþróa við venjulegt heilsárs íbúðarhús

á þriggja til fjögurra ára fresti er fullnægjandi. Að tæma roþrær annað hvert ár er mikil gullhúðun, sem leiðir til óþarfa fjárútláta.

Ég bið því um að Fjarðabyggð endurskoði regluna um tíðni tæmingar á rotþróum við frístunda- og tómsundahús þannig að tæming

fari fram sjaldnar, t.d. á sex ára fresti.

Þess má geta að frá árinu 2004 hef ég þrisvar sinnum látið tæma rotþróna á Hólum, síðast á árinu 2021. Fjarðabyggð sá síðan

um tæmingu á rotþrónni árið 2024.

Að lokum vil ég óska eftir að Fjarðabyggð upplýsi mig um hvar er að finna laga og reglugerðarheimildir, sem bæjarfélagið styðst við við þessa innheimtu.

Mér hefur ekki tekist að finna umræddar heimildir í lögunum sem Gjaldskráin er sögð byggja á, þ.e. lögum nr 9/2009.

Kveðja,

Hákon Björnsson